



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sent inn í samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Reykjavík, 17. janúar 2020

Efni: Frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð

Tilv. 202001-0005

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð sem birt voru í samráðsgátt Stjórnarráðsins 18. desember sl. Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálendinu og gert er ráð fyrir að Hálendisþjóðgarður verði sjálfstæð eining innan nýrrar stofnunar, Þjóðgarðastofnunar, sbr. drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun sem lagt var fram samhliða. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir en þar sem frumvörpin eru nátengd beinast athugasemdirnar að mestu leyti að báðum frumvörpum og vísast því til umsagnar um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, eftir því sem við á.

Almennt

Bændasamtök Íslands telja lagasetninguna ekki tímabæra. Eðlilegra væri að ljúka vinnu við áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sbr. tillögu til þingsályktunar frá 146. lögþ. (þskj. 291, 207. mál). Nauðsynlegt er að tryggja raforkuöryggi um landið og klára þá vinnu sem því tengist, eins og áföll vegna óveðurs hafa sýnt undanfarið. Þá liggur einnig fyrir að skilgreiningar á mikilvægum hugtökum sem vísað er til í frumvarpinu, s.s. sjálfbærni viðmið, liggja ekki skýrt fyrir.

Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að stjórn hálendis- og þjóðgarðsmála sé dreift með skynsamlegum hætti á hlutaðeigandi aðila og að ráðuneytið hafi ekki alla stjórn og skipulag á sínum höndum. Samtökin hafa lýst áhyggjum af því að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert þar sem þau eiga lögsögu innan svæðis sem félli undir fyrirhugaðan þjóðgarð, sbr. einnig fyrirbyggjandi frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Ljóst er að kostnaður við miðhálendisþjóðgarð verður gífurlegur, verði frumvarpið að lögum. Sveitarfélögin vilja, eðli málsins samkvæmt, halda þeim kostnaði niðri auk þess sem það er hagur þeirra að vel sé á málum haldið. Samtökin hafa haldið því fram að hálendismálum sé best sinnt af heimamönnum. Um margra ára skeið hefur víðast hvar verið samvinna með Landgræðslu ríkisins varðandi



hvenær leyft er að fara með fé til fjalls en bændur sem setja fé á afrétti þekkja manna best hvar þörf er á uppgræðslu.

Stjórn og skipulag

Skv. 7. gr. frumvarpsins er Hálandisþjóðgarði skipt í a.m.k. sex rekstrarsvæði skv. ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Skv. 2. mgr. sömu greinar fara umdæmisráð með málefni rekstrarsvæða og umdæma. Í 8. gr. er fjallað um hlutverk umdæmisráðs. Umdæmisráð hafa skv. því engin formleg völd og bera frekar einkenni samráðshópa. Þjóðgarðastofnun og stjórnir þjóðgarðanna eru ekki bundin af tillögum þeirra. Þá hefur ráðherra heimild til að gera breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun eins og hún kemur frá stjórn án þess að bera það undir stjórnina, sbr. 4. mgr. 24. gr. frumvarps til laga um Þjóðgarðastofnun, þó vissulega þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði til þess. Markmiðum um dreifstýringu verður að mati Bændasamtakanna ekki náð nema umdæmisráðin fái töluvert meira vægi gagnvart stjórn sem síðan þyrfti meira vægi gagnvart ráðherra. Þá skal bent á að misræmi er á milli fjölda fulltrúa í umdæmisráðum í frumvarpinu og áður nefndu frumvarpi um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Bændasamtökin telja jákvætt að samtök bænda fái fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins og umdæmisráðin. Ekki er hins vegar fjallað um hvort Bændasamtökin og önnur hagsmunasamtök beri kostnað sjálf af sínum fulltrúum eða ekki. Eðlilegt er að það komi fram í lögnum.

Hefðbundnar nytjar

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um hefðbundnar nytjar, þ.á m. hefðbundna landnýtingu, s.s. búfjárbætur o.fl. Slík nýting sé heimil innan hálandisþjóðgarðs að uppfylltum skilyrðum í 2. gr. laganna og þeirra laga sem fjalla um nýtinguna og nýtingin skuli einnig vera sjálfbær. Þá segir í sérstökum athugasemdum um ákvæðið að nýtingin sé heimil á þeim svæðum sem sérstaklega eru afmörkuð í reglugerð þjóðgarðsins, fjalla skuli um slíka nýtingu og umferð sem henni tilheyrir í stjórnunar- og verndaráætlun og þess gætt að nýtingin geti þróast með eðlilegum hætti á sjálfbæran hátt. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu um störf nefndarinnar segir varðandi mat á sjálfbærni að gert sé ráð fyrir að miðað verði við gildandi löggjöf á viðkomandi sviði.

Bændasamtökin telja ákvæðið eitt merki þess að lagasetningin sé ótímabær. Í 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 er Landgræðslunni falið að útfæra viðmið um sjálfbæra landnýtingu.



Engar tillögur hafa verið birtar um efnið og er því lagt til að fest verði í lög skilyrði um landnýtingu sem engin viðmið liggja fyrir um. Samtökin telja algjöra lágmarkskröfu að sjálfbærni viðmið liggi skýrt fyrir áður en byggt er á hugtakinu sjálfbærni í lögum.


Orkunýting

Í 4. mgr. 11. gr. kemur fram að nýjar háspennulínur í lofti verði ekki leyfðar, sem í raun útilokar raforkuflutning milli landshluta í gegnum þjóðgarðinn, sé horft til þeirrar tækni sem til staðar er. Nú er starfandi átakshópur stjórnvalda sem settur var á stofn í kjölfar óveðursins í desember, þar sem veikleikar flutningskerfis raforkunnar komu berlega í ljós. Hópurinn hlýtur að þurfa að taka til skoðunar flutningskerfi raforku og raforkukerfið um landið allt. Niðurstaðan þar hefur áhrif á þetta frumvarp. Um þetta vísast einnig til umsagnar Bændasamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál frá 148. lögþ.

Stöðugt framboð þarf að vera á rafmagni um land allt, ekki síst með orkuskipti í huga og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Þessi atriði þurfa líka að fara saman við náttúruvernd en Bændasamtökin telja eðlilegt og sanngjarnt að engum dyrum sé lokað áður en það liggur fyrir hvernig þetta verður leyst.

Samantekt

Með vísan til framangreinds leggjast Bændasamtök Íslands gegn því að frumvarpið verði að lögum. Alþingi hefur ekki lokið umfjöllun um þriðja áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) en að mati samtakanna er nauðsynlegt að sú vinna verði kláruð áður og betri sátt náist um hálendismálið áður en það verður lögfest.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir